

Stefán Haukur  
Jóhannesson/UTN/NotesST  
JR  
21.11.2008 08:15

To Högni S. Kristjánsson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR  
cc  
bcc  
Subject Fw: ECOFIN 4. nóvember 2008

Best regards/bestu kveðjur,  
Stefán H. Jóhannesson  
Ambassador,  
Embassy of Iceland  
Icelandic Mission to the EU  
Tel. +32 2 238 5000

----- Forwarded by Stefán Haukur Jóhannesson/UTN/NotesSTJR on 21.11.2008 09:12 -----

Stefán Haukur  
Jóhannesson/UTN/NotesST  
JR  
05.11.2008 09:06

To Ingibjörg Sólrún Gísladóttir/UTN/NotesSTJR, Krístrún  
Heimisdóttir/UTN/NotesSTJR, Benedikt  
Jónsson/UTN/NotesSTJR, Martin  
Eyjólfsson/UTN/NotesSTJR, Einar  
Gunnarsson/UTN/NotesSTJR  
cc  
Subject ECOFIN 4. nóvember 2008

Fundur fjármálaráðherra ESB og EFTA ríkjanna, ECOFIN 4. nóvember 2008

Eftir að formaðurinn, franskur fjármálaráðherra Christine Lagarde, gaf ÁM orðið fór hann yfir hina alvarlegu stöðu á Íslandi og aðdraganda falls bankanna. Varðandi óleyst mál gagnvart einstökum aðildarríkjum sagði hann Ísland hafa átt í tvíhliða viðræðum við þau með það að markmiði að leysa úr þeim. Ísland hefði boðist til að vísa deilum um lagalega túlkun hinna alþjóðlegu skuldbindinga til þriðja aðila til úrlausnar. Hann vísaði einnig til þess að þessi mál væri erfitt að leysa með tvíhliða hætti við einstök ríki heldur þyrfti einnig að leitast við að greiða úr þeim á Evrópuvettvangi.

Norski ráðherra lýsti þeim stuðningi sem Norðmenn hygðust veita Íslandi í formi láns og með gjaldeyrisskiptasamningi. Sagði að Svíar og Danir væru með í ráðum og lagði áherslu á að önnur ríki fylgdu í kjölfarið á Noregi.

Almunia, kommissar efnahagsmála, kvað ESB geta aðstoðað Ísland að einhverju leyti með "Macro Financial Assistance" sem væri hugsað fyrir þriðju ríki og bar saman við stuðninginn sem búið væri að samþykkja fyrir Ungverjaland sem væri umfangsmeiri, en sem eingöngu væri fyrir aðildarríki ESB sem ekki væru með Evruna.

Fulltrúi Bretlands lýsti samúð vegna hins gríðarlega efnahagsvanda sem Ísland ætti við að etja og lýsti yfir þakklæti fyrir þær viðræður sem átt hefðu sér stað meðal sérfræðinga landanna (working level discussions) til að reyna leysa þann vanda sem hefði komið upp milli landanna. Hann vísaði í orð fjármálaráðherra Breta (sem ekki var á fundinum) um að til að tryggja góða virkni innri markaðarins yrði að tryggja tvennt í fyrsta lagi að farið væri með kröfuhafa af sanngirni (treated fairly). Í öðru lagi að ríkisstjórnir standi við bakið á

tryggingasjóðum innistæðueigenda (stand behind guarantee schemes). Ísland yrði að virða alþjóðlegar skuldbindingar sínar ef tryggja ætti viðtækan alþjóðlegan stuðning við það. Bretar vildu samþykkja “mechanism for Iceland to honour its commitments to its creditors”.

Hollenski fjármálaráðherra vísaði til þess að þeir hefðu átt gagnlegar viðræður við Ísland en niðurstaða lægi ekki fyrir enn. Þeir væru reiðubúnir til að samþykkja stuðning við Ísland að því gefnu að tvíhliða deilur yrðu leystar. Grundvallaratriði að aðildarríki innri markaðarins virtu skuldbindingar sínar skv. tryggingasjóðnum. Þeir væru meira en fúsir (perfectly happy) til að hjálpa Íslandi að standa við skuldbindingar sínar með láni að því gefnu að íslenska ríki ábyrgðist slíkt lán. Ef slíkum ágreiningi yrði vísað til Evrópudómstólsins þýddi það verulegar tafir þar sem allir væru að bíða eftir öllum sem gæti tafið IMF aðstoðina. Lagði áherslu á jafnræði milli kröfuhafa m.a. með tilliti til endurskipulagningar bankanna í gamla og nýja banka (talaði um “old dead banks” í því samhengi).

Þýski fastafulltrúinn (ráðherra var ekki til staðar) fagnaði því að árangur hefði náðst í viðræðum við IMF og myndu þeir styðja lánveitingu frá sjóðnum svo fremi að Ísland stæði við skuldbindingar sínar gagnvart öllum ríkjum. Huga þyrfti að frekari aðstoð.

Danir (danski fastafulltrúinn) fögnuðu IMF aðstoð og lýstu því yfir að þeir myndu einnig styðja Íslands sérstaklega.

Austurríkismenn (fastafulltrúinn) fögnuðu einnig IMF aðstoð og lögðui áherslu á jafnræðisregluna og að víðtækt samkomulag næðist.

ÁM kvað Ísland ekkert vilja frekar en vera í stöðu til að standa við skuldbindingar sínar en til þess að það væri hægt yrði að vera ljóst hverjar þessar skuldbindingar væru og að við gætum staðið undir þeim. Hann vísaði til þess að Ísland hefði boðist til þess að vísa málinu til Evrópudómstólsins til að fá lagalegan botn í málið. Hann kvað að það hefði hreinlega verið ok mikið umfangs (beyond our capacity) að tryggja áframhaldandi óbreytt bankakerfi. Hann lýsti því að jafnvægis hefði verið gætt við yfirtöku skulda og eigna.

Formaðurinn sagði ljóst að virðing fyrir prinsippum um jafnræði (equal treatment and non discrimination) yrði að vera hluti af stuðningi við Ísland.

Bretar tóku aftur til máls og sögðu að ekki væri nægilega skýrt hvernig standa ætti að því að tryggja að Ísland stæði við innstæðutryggingar.

Hollendingar sögðust einnig ekki vera sáttir við niðurstöðu formannsins (not comfortable with conclusion). Heildarpakkinn yrði að vera í jafnvægi. Ísland gæti ekki ætlast til að fá allt frá okkur án þess að fyrir lægi hvernig önnur álitaefni væru leyst.

Við þetta komst nokkur órói á fundinn og formaðurinn spurði hvort hægt væri að finna leið til að fá skýrari niðurstöðu varðandi þessi lagalegu álitaefni, hvort einhver réttur aðili væri til að fást við málið og beindi máli sínu að því er virtist til Norðurlandanna.

Gert var hlé á fundinum þar sem sendinefndir réðu ráðum sínum. Voru Bretar og Hollendingar og e.t.v. fleiri farnir að ræða málið til hliðar á fundinum.

Sendiherrar Norðurlanda skutu saman nefjum og virtist þeim koma á óvart hversu beint sum

aðildarríkjanna tengdu lausn þessara mála við IMF. Töldu þeir mjög brýnt að finna málinu einhvern farveg þannig að IMF aðstoðin yrði ekki stöðvuð n.k. föstudag með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Töldu þeir (aðallega sænski og danski sendiherrann) ástæðu til að fá ESA til að gefa út lagaálit. Ég spurði hvort líklegt væri að ESB sætti sig við álit frá ESA og spurði jafnframt hvort ekki væri hægt að lyfta þessu upp á pólitískt plan og fá einhvern til að miðla málum. Þeir töldu það útilokað.

Upp úr þeim hugmyndum sem varpað var fram var niðurstaðan að setja á laggirnar nefnd fimm aðila sem í ættu að sitja fulltrúi lagadeildar ráðs ESB, lagadeildar framkvæmdastjórnar ESB, fulltrúi EFTA, fulltrúi ESA og oddamaður tilnefndur af Seðlabanka Evrópu. Gert var ráð fyrir því að nefndin yrði skipuð nú þegar og tilkynnt sendiherrum miðvikudag 5. nóvember. Miða ætti við að nefndin skilaði álitu fyrir fund IMF á föstudaginn sem hlýtur að teljast óraunhæft. Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins (BG) tók þátt í þessum óformlegu þreifingum.

Formaðurinn tók þessa hugmynd upp og lagði fyrir fundinn sem samþykkti hana þegar kom undir lok fundarins tók McCreevy, kommissar innri markaðarins orðið og beindi því til íslenska ráðherrans hvort Íslendingar gerðu sér grein fyrir því að niðurstaða nefndarinnar væri bindandi sem ÁM jánkaði. Þess skal getið að formaðurinn notaði orðið “commission”. Engar umræður urðu um það hvað fælist í orðinu “bindandi”. Ekki verður annað séð en að margt sé óljóst um störf nefndarinnar. Það er hinsvegar skilningur BG að nefndin eigi að takmarka umjöllun sína við hver sé hin lagalega skuldbinding sem kunni að hvíla á íslenska ríkinu vegna innistæðna í útibúum íslenskra banka á erlendri grundu (innan EES).

Rétt er að draga fram hér að þau ESB ríki sem hlut eiga að máli hafa hér samþykkt að færa málið úr tvíhliða farvegi inn á vettvang ESB með þátttöku Íslands og stofnana EFTA ásamt oddamanni til að skera úr lagalegum ágreiningi. Á sama tíma er málið með enn skýrari hætti en áður tengt við IMF. Mikil harka kom fram á fundinum og vakti framganga Þjóðverja sérstaka athygli. Má telja víst að hlutaðeigandi ríki hafi verið búin að stilla saman strengi. Átti íslenski ráðherrann í vök að verjast.

SHJ 4/11/08

Best regards/bestu kveðjur,  
Stefán H. Jóhannesson  
Ambassador,  
Embassy of Iceland  
Icelandic Mission to the EU  
Tel. +32 2 238 5000

